

Nr. 001 / 09 Monika GK 136**Strandar við Garð**

Skipaskr.nr. 2110
Smíðaður: Hveragerði 1990 Trefjaplást
Stærð: 5,7 brl. 9,7 bt.
Mesta lengd: 10,3 m Skráð lengd: 9,68 m
Breidd: 3,34 m Dýpt: 1,52 m
Vél: Cummins 187 kW 1997
Fjöldi skipverja: 3



Monica©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. janúar 2009 var Monica GK 136 á siglingu til Keflavíkur. Veður: VSV 3-5 m/s, rigning og þoka.

Skipverjar höfðu lagt tvær lóðir norður af Keilisnesi og dregið aðra þegar þoka lagðist yfir veiðislóðina. Eftir nokkra leit að hinu bólinu setti skipstjóri stefnu 270° eftir kompás til Keflavíkur. Þegar siglt hafði verið um stund sást til vita í gegnum þokuna og taldi skipstjóri það vera vitann á Hólmsbergi og þeir væru því á réttri leið. Hann sló af vélinn þegar komið var inn í lygnu án þess að sjá til landsins og kúplaði frá skrófu í þann mund sem bátinn tók niðri og strandaði.


Bátsverjar töldu sig hafa strandað við sjóvarnargarðinn í Innri-Njarðvík og óskuðu þeir eftir aðstoð en samkvæmt STK kerfinu var það ekki rétt því þeir voru í Varar-Vör í Garði. Björgunarbáturinn Þorsteinn dró Monicu GK af strandstað og til hafnar í Garði þar sem skemmdir voru kannaðar. Í ljós kom að stýrið var bilað og var báturinn dreginn frá Garði til Keflavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagði að hann hafi treyst á dýptarmæli sem hafi sýnt 28 faðma dýpi alla leið sem siglingin tók en hann hafi ekki gert sér grein fyrir að stutt hafi verið á rofa sem frysti myndina. Hann hafi ekki haft ratsjána í gangi þrátt fyrir þokuna og hann hafi kunnað að meðhöndla hann.

Leiðsögukerfi af fullkornustu gerð var ekki í gangi að sögn skipstjóra og taldi hann sig vera á réttri leið og ekkert vera villtur en hann sagðist hafa stundað róðra um áratuga skeið frá Vogum;

- að vitinn sem skipstjóri taldi vera á Hólmsbergi (2 leiftur á 20s) reyndist vera Garðskagaviti (leiftur á 5 s) sem hefur allt aðra ljóstiðni og ættu menn vanir staðháttum að átta sig á því;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa sett út stað í korti og áttavitann vera seguláttavita en hann taldi sig vita að kompásstefna væri 270° til Keflavíkur og hafi sett á þá stefnu þegar hann hætti að leita að seinna bólinu;
- að samkvæmt lögskráningarkerfi Siglingastofnunar hefur skipstjóri 30 brl. skipstjórnarréttindi;
- að þegar skoðaður er ferill úr sjálfvirka tilkynningaskyldutæki bátsins (STK) kemur í ljós að frá klukkan 18:00 er verið að draga línuna og eftir það eru sigldar stuttar vegalengdir í ýmsar stefnur svo staðsetning bátsins er nánast sú sama þar til kl.18:19. Þá var stefna sett í um það bil 340° rv sem er sama stefna og segulstefna norður og siglt á 7 til 9 hnútum til kl.18:39. Eftir nokkra snúninga var sett í segulstefnu 270° sem endaði í fjörunni.



Ferill bátsins og strandstaður úr STK kerfi

Nefndarálit:

Orsök strandsins er vítavert aðgæsluleysi við siglingu bátsins. Skipstjórinn sýndi mikið gáleysi að nota ekki þau siglingatæki, s.s. ratsjá og leiðsögukerfi sem voru um borð.